

## Kaupsamningur

Samkvæmt samningi samþykkir Studio Dan ehf., kt. 440405-1260, Hafnarstræti 1, Ísafirði, að selja, og Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði, að kaupa líkamsræktartæki, -búnað og önnur tæki tengd rekstri líkamsræktarstöðvar, sem er í eigu Studio Dan ehf.

Söluandvirði tækja og búnaðar eru kr. 13.000.000, skv. meðfylgjandi verðmati og tækjalista (sjá fylgiskjal 1), og seljast tækin í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við.

Líkamsræktartæki, -búnaður og önnur tæki afhendast við undirritun samningsins.

Samningsaðilar sættast á að greiðsla skv. kaupsamningi þessum verði í formi skuldajöfnunar, en krafa Ísafjarðarbæjar á Studio Dan ehf. þann 25. nóvember 2022 er alls kr. 12.904.513

Með undirskrift skuldbindur seljandi sig til að selja og kaupandi til að kaupa ofangreind tæki og búnað.

Ísafjörður, 1. desember 2022

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Studio Dan ehf.

Arna Lára Jónsdóttir  
bæjarstjóri

Arna Lára Jónsdóttir, stjórnarmaður

Hafdís Gunnarsdóttir, stjórnarmaður